

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA
RÍKISSTOFNANA

Ársskýrsla

starfsárið 2008 - 2009

Haukur Ingibergsson, formaður

11. maí 2009

Fundarstjóri, góðir félagsmenn

Á síðasta aðalfundi voru kjörin í stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana Haukur Ingibergsson forstjóri Fasteignaskrár Íslands formaður, Sigrún Jóhannesdóttir forstjóri Persónuverndar varaformaður, Björn Karlsson, brunamálastjóri ritari, Rannveig Gunnarsdóttir forstjóri Lyfjastofnunar umsjón félagsmannaskrár og Snævar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Fasteigna ríkissjóðs gjaldkeri. Varastjórn skipa Ingibjörg S Guðmundsdóttir skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík, Magnús Skúlason forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Endurskoðendur félagsreikninga voru kjörnir Gestur Steinþórsson skattstjóri í Reykjavík og Júlíus S Ólafsson forstjóri Ríkiskaupa og til vara voru Gunnar Karlsson skattstjóri á Akureyri og Þórður Ásgeirsson fiskistofustjóri. Stjórnin fundaði fyrsta föstudag hvers mánaðar klukkan 8:30 – 10:00 nema yfir hásumarið og reyndist það fyrirkomulag vel samhliða tölvupóstsamskiptum.

Það starfsár Félags forstöðumanna ríkisstofnana sem nú er á enda er eitt hið örlagaríkasta á síðari tímum. Fjármál Íslands komust í óefni með hruni bankanna, fjárhagslegar eignir einstaklinga, fyrirtækja og lífeyrissjóða fóru forgörðum, fjöldi fólks og fjölskyldna er skuldum vafinn, fyrirtæki berjast í bökkum og fjöldaatvinnuleysi á okkar mælikvarða hefur haldið innreið sína. Ekki sér fyrir endann á þessari þróun. Allt þetta leiðir til minni tekna og verri lánskjara hins opinbera samhliða kröfum um aukna þjónustu á ýmsum sviðum. Af óförum fjármálaiðnaðarins leiddu margháttáðar samfélagshræringar. Vantraust, reiði og vonleysi gróf um sig meðal fólks, ríkisstjórn með fjölmennasta þingmeirihluta í manna minnum sagði af sér, forstöðumönnum ríkisstofnana var vikið frá störfum og í fyrsta sinn í þrjá áratugi var gengið til Alþingiskosninga á miðju kjörtímabili og breytt pólitískt landslag tók við.

Vegna alls þessa þótti stjórn félagsins gagnlegt að hefja þennan fund með framsögum manna sem gjörla þekkja til stöðu mála og líklegar framvindu hennar. Markmið þessa fyrirkomulags er að við forstöðumenn fáum á þessum óvissutímum, og í upphafi kjörtímabils, yfirsýn yfir helstu þætti í starfsumhverfi okkar og hvers gæti verið að vænta næstu árin. Teknir voru til umræðu fjórir meginþættir sem mikilvægir eru í starfsumhverfi okkar; stjórn málaástandið, stjórnskipanin, staða efnahagsmála og ríkisfjármálin.

Á starfsárinu greiddu 198 starfandi forstöðumenn félagsgjald og er það fjölgun um 40 manns frá því fyrir þremur starfsárum þótt forstöðumannastörfum hafi fremur farið fækkandi. Stofnfélagar árið 1986 voru 70 talsins. Nú má segja að allir forstöðumenn séu í félaginu. Til að félag með þennan fjölda félagsmenn, dreifðum um land allt, virki bærilega og félagsaðildin gagnist félagsmönnum, þurfa innviðir og starfshættir félagsins að hæfa því starfsumhverfi og hefur stjórnin lagt áherslu á nokkra þætti þar að lútandi.

Í fyrsta lagi var ákveðið að endurgera heimasíðu félagsins, ffr.is, frá grunni en sú gamla var barn síns tíma bæði hvað varðaði tækni og viðmót. Útlit heimasíðunnar var endurnýjað og veftré og efnisuppsætning endurskoðuð. Mikil áhersla var lögð á að heimasíðan yrði auðveld í notkun, viðhaldi og uppfærslu. Einnig var ákveðið að setja upp aðgangsstýringu að heimasíðunni með notendanafni og lykilorði og er síðunni í tilraunaskini nú aðgangsstýrt með einu sameiginlegu notendanafni og lykilorði hvað svo sem síðar verður. Samið var við fyrirtækið IMG um framkvæmd verksins og tókst að koma síðunni í notkun um áramótin með ásættanlegum tilkostnaði.

Markmiðið með heimasíðunni er að hún þjóni félagsmönnum og félaginu frekar en að hún sé upplýsingagluggi til samfélagsins. Eins og fyrri heimasíða er hún nokkurs konar skjalasafn. Þarna eru t.d. fundargerðir félagsins frá árinu 2005, ársskýrslur félagsins frá árinu 2002 ásamt

upplýsingum um stjórnir félagsins frá árinu 1992. Einnig er heimasíðunni ætlað að vera auglýsingatafla um það sem um er að vera svo sem varðandi fundi og aðra viðburði. Heimasíða uppfærir sig hins vegar ekki sjálf og tæpast er við því að búast að heimasíða félags sem einvörðungu er rekið af stjórnarmönnum sé í sífelldir uppfærslu. Björn Karlsson, ritari félagsins, hefur verið mjög ötull varðandi heimasíðuna en einnig kom Sigrún Jóhannesdóttir varaformaður félagsins að þessari breytingu. Félagið á gott tæki þar sem heimasíðan er sem gefur marga nýja rafræna valkosti í félagsstarfinu.

Í öðru lagi hefur verið reynt að auka möguleika félagsmanna á að taka þátt í undirbúningi mála með því að senda félagsmönnum gögn og hugmyndir þegar mál eru á undirbúningsstigi. Þetta átti til dæmis við þegar Alþingi óskaði eftir umsögn félagsins vegna breytinga á lögum um kjararáð skömmu fyrir jól og þegar stjórnin íhugaði hugmyndir um breytingar á lögum félagsins og núna fyrir þennan aðalfund þegar drög að þeim ályktunum sem stjórnin íhugaði að leggja fyrir fundinn voru sendar út þannig að félagsmenn gætu annað hvort sent hugmyndir sínar og athugasemdir til stjórnar fyrir fundinn eða flutt breytingatillögur á fundinum. Þetta er ekki aðeins gert til að auka áhuga og þátttöku félagsmanna í starfinu og betrubæta það sem stjórnin er með á þrjónunum heldur er þetta einnig gert til að auka lýðræðislega umræðu innan félagsins, kalla fram sjónarmið og gefa félagsmönnum færi á að koma fram með sjónarmið þegar mál eru í mótun.

Í þriðja lagi hefur stjórnin reynt að ná betur til forstöðumanna utan höfuðborgarsvæðisins en 58% forstöðumanna starfa á höfuðborgarsvæðinu og 42% forstöðumanna starfa utan þess. Framangreind útsending gagna á vinnslustigi er dæmi um þessa viðleitni því að hún jafnar aðstöðumun forstöðumanna hvar á landi sem þér búa. Á sama hátt hafa tilraunir verið gerðar með útsendingar af fundum annaðhvort sem fjarfund eða sem hljóðrás. Ekki er ljóst hvað hentar best í þessu efni bæði með tilliti til tæknilegari möguleika og kostnaðar. Ein spurningin er til dæmis sú hvort og hvernig sé hægt að koma gagnvirkni fyrir þannig að fundarmenn sem ekki eru á fundarstað geti látið rödd sína heyrast og tekið þátt í fyrirspurnum og umræðum. Önnur spurning er hvort útsending sé til áhorfs eða hlustunar í rauntíma eða eftirá. Með breytingum á heimasíðunni opnast sá möguleiki að senda félagsfundi út á aðgangsstýrðu svæði en vart hefur orðið andstöðu fyrirlesara við að senda fyrirlestra út á opnum vef.

Í fjórða lagi hefur stjórnin lagt áherslu á að endurskipuleggja félagsmannaskrána og er því verkefni lokið hvað starfandi forstöðumenn varðar. Réttur til félagsaðildar byggist á því að einstaklingur gegni eða hafi gegnt forstöðumannsstarfi en slík störf eru jafnan skilgreind í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eða sérilögum og því fá álitamál uppi varðandi hvaða störf gefa rétt til félagsaðildar. Meginverkefnið við félagsmannaskrána er að halda henni sífellt uppfærðri og rétttri hvað persónur og tölvupóstföng þeirra varðar. Félagaskráin var byggð upp á nöfnum forstöðumanna eins og eðlilegt hefur verið við stofnun félagsins þegar félagsmenn voru mun færri en nú er, forstöðumenn æviráðnir eins og það var nefnt og breytingar í þeirra hópi fátíðari en verið hefur á síðari árum. Sú grundvallarbreyting var gerð á félagaskránni að byggja skrána upp á nafni stofnana flokkað eftir ráðuneytum. Við þá vinnu var farið í gegn um ákvæði 22. greinar laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og árlega auglýsingu fjármálaráðuneytisins um hvaða störf teljist forstöðumannsstörf og að lokum var farið inn á heimasíðu sérhvers ráðuneytis og kannað hvaða stofnanir og ríkisfyrirtæki væri þar að finna. Nafn forstöðumanns er síðan tengt viðkomandi stofnun. Þetta fyrirkomulag bætir yfirsýn, auðveldar eftirlit, innheimtu félagsgjalda og skráningu varanlegra eða tímabundinna breytinga á skráningu.

Í fimmta lagi er hafin vinna við að endurgera skrár um fyrrverandi forstöðumenn en ýmsir þeirra hafa rétt til að vera félagsmenn þótt þeir láti af starfi. Þar er þó um frekar flókið mál að ræða í framkvæmd. Félagslög mæla fyrir um að láti félagsmaður af starfi forstöðumanns og fari á biðlaun eða eftirlaun eða í starf hjá annarri ríkisstofnun haldist félagsaðild hans óbreytt. Af þessu

leiðir að verði hann atvinnulaus, fari í starf hjá sveitarfélagi, fyrirtæki, sjálfseignarstofnun, alþjóðastofnun, starfi sjálfstætt eða sé ekki kominn á eftirlaunaaldur að biðlaunatímabil loknu á hann ekki rétt á félagsaðild. Félagið hefur fengið útskrift hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins yfir þá forstöðumenn sem taka eftirlaun samkvæmt eftirmannsreglu en þar er 91 fyrrverandi forstöðumaður skráður. Aðeins 19 þeirra eru á skrá félagsins yfir fyrrverandi forstöðumenn sem telur 65 nöfn en 72 þeirra eru ekki á skrá félagsins. 46 þeirra sem eru á skrá félagsins taka þá væntanlega eftirlaun samkvæmt meðaltalsreglu eða eru enn í starfi hjá ríkinu. Þarna er verk að vinna hvað þetta skráarhald varðar en ekki síður þarf félagið að koma sér upp ferlum þannig að forstöðumanni sem lætu af störfum sé með skipulögðum hætti gerð grein fyrir möguleikum á áframhaldandi félagsaðild ef hann á til þess rétt og til að fá nýjar tengileiðir við viðkomandi svo sem nýtt tölvupóstfang.

Fráfarandi stjórn félagsins er að vísu þeirrar skoðunar að endurskoða þurfi ákvæði þeirrar lagagreinar sem hér um ræðir og að allir fyrrverandi forstöðumenn eigi að geta átt félagsaðild ef þeir vilja, óháð því hvernig lífshlaup forstöðumanns var eftir að því starfi lauk. Jafnframt þurfi að skilgreina til hvaða þátta félagsstarfsins félagsaðildin nái og í hvaða formi hún sé, því að við frekari þróun félagsins í framtíðinni kann að vera óeðlilegt að aðrir en starfandi forstöðumenn hafi atkvæðisrétt um tiltekin mál innan félagsins til dæmis stjórnarkjör. Eins er er ekki óeðlilegt að fyrrverandi forstöðumenn þurfi að staðfesta félagsaðild sína árlega með greiðslu vægs árgjalds. Á starfsárinu íhugaði stjórnin að leggja tillögu um breytingar á lögum félagsins fyrir þennan aðalfund sem meðal annars gengu í þessa átt. Hugmyndir stjórnar voru kynntar forstöðumönnum með tölvupósti 17. mars og óskað eftir viðbrögðum, athugasemdum og tillögum félagsmanna. Jafnframt var gerð grein fyrir að í framhaldinu mundi stjórnin ákvarða hvort af tillöguflutningi yrði og innihaldi hennar. Nokkrar athugasemdir bárust, ýmist með samþykki, efasemdum eða andstöðu. Jafnframt kannaði formaður hug forsvarsmanns hóps fyrrverandi forstöðumanna til hugmyndanna. Skoðanir voru það skiptar að stjórnin ákvað að láta málið liggja og að flytja engar tillögur um lagabreytingar á þessum fundi.

Einn fylgifyskur efnahagsþrenginganna er að laun forstöðumanna hafa verið lækkuð. Það ferli hófst 21. nóvember sl. þegar forsætisráðherra ritaði kjararáði bréf þar sem mælt var til þess að laun þeirra sem undir ráðið heyra yrðu lækkuð um 5–15%. Var annars vegar vísað til þess að hin alþjóðlega fjármálakreppa og hrun íslensku bankanna hefði haft víðtæk áhrif hér á landi og hins vegar að í ljósi almennrar þróunar á vinnumarkaði og fjárhagsvanda ríkissjóðs vildi ríkisstjórnin sýna gott fordæmi og vilja þeirra sem nytu hæstra launa úr ríkissjóði til að taka á sig hluta byrðanna.

Kjararáð hafnaði þessum tilmælum með bréfi dags. 1. desember meðal annars með þeim rökum að skammt væri liðið frá því að efnahagsáfallin dundu yfir, kjarasamningar hefðu ekki verið endurskoðaðir og traust gögn um launaþróun undanfarinna tveggja mánaða lægju ekki fyrir. Taldi kjararáð ekki lagaskilyrði til að fella nýjan almennan úrskurð um laun og starfskjör þeirra sem úrskurðarvald ráðsins tæki til.

Vilji ríkisstjórnar var hins vegar einbeittur og þegar svar kjararáðs lá fyrir boðuðu ráðherrar ríkisstjórnarinnar að kannaðar yrðu aðrar leiðir til að ná fram tímabundinni launalækkun þeirra sem undir ráðið heyrdi. Var frumvarp lagt fram á Alþingi sem var samþykkt sem lög 20. desember þess efnis að við lög nr. 47/2006 um kjararáð bætist nýtt bráðabirgðaákvæði þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 8. og 10. gr. skuli kjararáð fyrir árslok 2008 kveða upp nýjan úrskurð er feli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gildi frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skuli ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skuli kjararáð endurskoða kjör annarra er undir það heyra til samræmis.

Afstaða Félags forstöðumanna ríkisstofnana til þessa málatilbúnaðar var skýr og kom fram í umsögn félagsins um frumvarpið til Alþingis 11. desember. Til að kalla fram sjónarmið félagsmanna voru drög að bréfi félagsins send í tölvupósti til forstöðumanna með óskum um athugasemdir sem síðan var tekið tillit til við frágang bréfsins. Afstaða félagsins var afdráttarlaus: Félagið lagði til að frumvarpinu yrði breytt og það taki einvörðungu til kjara alþingismanna og ráðherra. Um launakjör annarra sem heyra undir kjararáð, fari eftir lögbundnum viðmiðunum ráðsins við úrlausn mála. Í umsögn sinni benti félagið m.a. á að embættismenn njóta ekki eins og annað launafólk réttinda skv. 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar um að í lögum skuli kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu og að þetta ákvæði stjórnarskrárinnar hljóti að setja skorður við endurteknum breytingum löggjafans á málsmeðferðarreglum um starfskjör embættismanna. Við afgreiðslu málsins tók Alþingi á engan hátt tillit til afstöðu félagsins.

Að lögnum samþykktum fjallaði stjórn félagsins um stöðu þessara mála. Var ákveðið að skrifa kjararáði bréf þess efnis um að komi til lækkunar launa forstöðumanna, beini stjórnin því til kjararáðs, að grunnlaun haldist óbreytt en launalækkun komi fram í fækkun eininga sem greiddar eru. Máli sínu til stuðning benti stjórnin á að haldist grunnlaun óbreytt en dregið sé úr aukagreiðslum, sé það í samræmi við grundvallarhugsun við ákvörðun kjara og aðferðafræði sem vel sé þekkt t.d. innan ríkisstofnana þegar draga þurfi úr launakostnaði. Auk þess var í bréfinu minnt á hagsmuni þeirra fyrrverandi forstöðumanna sem hafið hafa töku eftirlauna og að skerðing með þessum hætti hafi þá ekki áhrif á kjör þeirra eftirlaunaþega sem viðmið hafi í launum forstöðumanna. Tók kjararáð tillit til þessara ábendinga við útfærslu sína.

Þetta ferli, ásamt ýmsum fyrri tilvikum, sýnir að það er löggjafinn sem í reynd ákvarðar kjör forstöðumanna þegar að hann vill svo við hafa. Það hlýtur að vekja upp spurningu í okkar hópi hvort við forstöðumenn og félagsskapur okkar eigi að taka upp umræðu um breytingar á núverandi fyrirkomulagi t.d. um að taka upp einstaklingsbundna samninga forstöðumanns við ráðuneyti eða að félagið sé samningsaðili fyrir forstöðumenn. Í þeirri ályktun sem stjórn félagsins leggur fyrir þennan fund undir liðnum önnur mál og send var til félagsmanna nýlega, er þetta þó ekki lagt til en þess í stað lögð áhersla á að kjararáð sé stjórnvald sem fari með tiltekið hlutverk lögum samkvæmt og því sé óeðlilegt að Alþingi mæli fyrir um hvernig haga skuli úrskurðum einstakra mála og áhersla lögð á að kjararáð geti óáreitt starfað samkvæmt lögum nr. 47/2006 um kjararáð eins og þau voru fram að breytingum Alþingis með lögum nr. 148/2008.

Helstu samstarfsaðilar Félags forstöðumanna ríkisstofnana eru tveir, annars vegar fjármálaráðuneytið og hins vegar Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands, sem sífellt er að eflast sem vettvangur fyrir nám, rannsóknir og fræðslustarf varðandi opinberan rekstur undir öflugri stjórn Margrétar S Björnsdóttur.

Á undanförunum misserum hefur félagið tekið þátt í tveimur formlegum samstarfsverkefnum með fjármálaráðuneytinu. Annars vegar tilnefndi félagið tvo þáverandi stjórnarmenn, Margréti Hallgrímsdóttur Þjóðminjavörð og Þorkel Helgason fyrrverandi Orkumálastjóra, sem fulltrúa í starfshóp til að fjalla um leiðir til að minnka óútskýrðan kynbundinn launamun hjá ríkinu. Starfshópurinn hafði ekki lokið störfum þegar stjórnarslit urðu en hafði engu að síður kynnt drög að tillögum sínum á jafnréttisþingi í janúar 2009 og gert drög skýrslu um þrjár leiðir sem hópurinn taldi að gætu verið gagnlegar við að tryggja launajafnrétti hjá hinu opinbera. Í fyrsta lagi var bent á launaúttektir um þessi efni, í öðru lagi starfsmat sem töluvert hefur verið notað hjá sveitarfélögum og í þriðja lagi vottun á framkvæmd stefnu um launajafnrétti. Vinna að þessu viðfangsefni mun hafa haldið áfram þótt starfshópurinn sem slíkur sé ekki virkur.

Hins vegar er samstarfshópur með fjármálaráðuneytinu um upplýsingar til stjórnenda ríkisstofnana úr launakerfi ríkisins. Fulltrúar félagsins í þeim hóp eru stjórnarmennirnir Ingibjörg S Guðmundsdóttir, Magnús Skúlason og Rannveig Gunnarsdóttir. Nokkrir fundir hafa verið haldnir í fjármálaráðuneytinu þar á meðal með fulltrúum fjársýslunnar þar sem farið var yfir þær upplýsingar sem hægt er að fá úr kerfunum auk þess sem fulltrúar félagsins héldu fund með fjármála- og starfsmannastjórum sínum um hvaða upplýsingar væri æskilegt að hafa aðgengilegar. Starfið í hópnum hefur staðfest að ýmsir möguleikar eru á að þróa fyrirspurnarform í kerfinu en vandamálið er að mikilvægar upplýsingar eru ekki skráðar í kerfið og er talin nauðsyn á að fara í átaksverkefni á því sviði og er það í undirbúningi. Auk þess vinna fjármálaráðuneytið og fjársýslan að því að samræma upplýsingar en dæmi um ósamræmdar upplýsingar er mismunur eftir stéttarfélögum um hvað er fært inn sem starfsaldur. Jafnframt er Hagstofan að fara í verkefni varðandi starfaflokkunina svo auðveldara sé að bera saman laun fyrir sama starf. Það hefur verið góður gangur í starfi þessa hóps og þess vænst að það skili árangri.

Að undanfögnu hefur félagið ásamt Stofnun stjórnsýslufræða, fjármálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga tekið þátt í skipulagningu diplómanáms í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í opinberum rekstri sem hefjast mun næsta haust við Háskóla Íslands. Liggja nokkur sýnishorn af væntanlegum bæklingi um þetta efni frammi á þessum fundi. Þetta nám hefur verið undirbúið af kostgæfni og þess er vænst að það geti orðið hagnýt og gagnleg viðbót fyrir stjórnendur jafnframt því sem námið getur nýst þátttakendum sem hluti af mastersnámi.

Sem fyrr var mikil og góð samvinna við fjármálaráðuneytið og stofnun Stjórnsýslufræða um fræðslustarf og fundahald félagsins. Með þessum aðilum, eða eitt síns liðs, stóð félagið að eftirgreindum viðburðum á starfsárinu:

Morgunverðarfundur 16. september um árangursríka stjórnun opinberrar starfsemi. Er stjórnun forstöðumanna og millistjórnenda í opinberum rekstri oft í reynd stjórnun jafningja og/eða sérfræðinga? Sé svo hvaða stjórnunarhættir eru líklegir til árangurs?

Fyrirlesarar voru:

Eypór Eðvarðsson MA í vinnusálfræði og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun ehf.,
Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórn málafræði við HÍ,
Magnús Pétursson, Ríkissáttasemjari.

Morgunverðarfundur 7. október um fjárlagafrumvarpið 2009

Fyrirlesarar voru:

Þorsteinn Þorgeirsson, forstöðumaður efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins,
Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins,
Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytinu.

Fræðslufundur 9. október um upplýsingalögin og framkvæmd þeirra.

Fyrirlesarar voru:

Kjartan Björgvinsson lögfræðingur, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis,
Páll Þórhallsson, lögfræðingur forsætisráðuneyti,
Trausti Fannar Valsson lektor í lagadeild HÍ og varaformaður úrskurðarnefndar um upplýsingamál,
Svanborg Svavarsdóttir blaðamaður á Fréttablaðinu.

Námskeið 15. október um bætta stjórnunarhætti stofnana og kynning handbókar um framkvæmd eigin stjórnunarmats hjá opinberum stofnunum.

Kennarar voru:

Dr. Ómar H. Kristmundsson dósent í stjórnsýslufræðum við HÍ,

Arndís Ósk Jónsdóttir MSc. forstöðumaður mannauðsráðgjafar ParX.

Námskeið 30. október um markaðslausnir í stjórnsýslunni og lagaleg áhrif þeirra. Kennari: Kjartan Björgvinsson lögfræðingur, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis.

Morgunverðarfundur 11. nóvember um samfélagsleg gildi. Er þörf nýrra samfélagslegra gilda? Hvaða breytingar eru líklegar á hlutverki hins opinbera í kjölfar slíks endurmats?

Fyrirlesarar voru:

Guðmundur Magnússon sagnfræðingur og rithöfundur,
Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur,
Arnar Þór Músson stjórn málafræðingur,
Páll Skúlason prófessor.

Síðdegisfundur 2. febrúar um kjaramál.

Fyrirlesarar voru:

Haukur Ingibergsson forstjóri Fasteignaskrár Íslands og formaður FFR,
Guðrún Zoega formaður kjararáðs,
Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og fv. formaður FFR,
Sighvatur Björgvinsson framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og fv. ráðherra.

Morgunverðarfundur 18. febrúar um úrræði ríkisstofnana á samdráttartímum.

Fyrirlesarar voru:

Steingrímur J Sigfússon fjármálaráðherra,
Indriði H. Þorláksson settur ráðuneytisstjóri,
Arnar Músson stjórn málafræðingur, fjárreiðu- og eignaskrifstofu
Björn Rögnvaldsson lögfræðingur, starfsmannaskrifstofu,
Guðmundur H. Guðmundsson sérfræðingur, starfsmannaskrifstofu,
Gunnar Björnsson skrifstofustjóri, starfsmannaskrifstofu,
Ásta Lára Leósdóttir sérfræðingur, starfsmannaskrifstofu,

Morgunverðarmálþing 13. mars um hvernig má ná auknum árangri í rafrænni stjórnsýslu og hvað megi læra af öðrum OECD ríkjum?

Fyrirlesarar voru:

Yih-Jeou Wang, sérfræðingur hjá OECD
Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur hjá Háskóla Íslands

Námskeið 16. apríl um "Efficiency management and methods for public administration".

Kennari:

Richard Murray, PhD hagfræðingur og fyrrum yfirmaður hjá "The Swedish Agency for Public Management"

Næstu ár munu reyna á þolrifin hjá okkur forstöðumönnum. Fjárhagur hins opinbera, og þar með stofnana okkar, mun þrengjast án þess að úr verkefnum dragi. Vætanlega fækkar stofnunum með sameiningu stofnana svipað og verið hefur, flutningi verkefna og þar með starfsemi til sveitarfélaga og með sameiningu ráðuneyta og stofnana sem falla undir þau. Viðbótin við 4. grein stjórnarráðs laganna fyrir tveimur árum um að heimilt sé að sameina ráðuneyti með úrskurði forseta Íslands lét vissulega ekki mikið yfir sér. Hún mun þó vafalítið hafa í för með sér að í hvert sinn sem ríkisstjórn er mynduð í upphafi kjörtímabils kemur ráðuneytaskipanin og verkefni ráðuneyta samkvæmt reglugerð um stjórnarráðið til endurskoðunar og þar með stofnanaskipanin. Vegna vantrausts á stjórn málafræðingum og stjórnvöldum má einnig ætla að viðkvæmara og vandasamara verði að starfa í stjórnsýslunni og opinberri þjónustu en verið hefur. Ef til vill erum við á

Þröskuldi nýs tímabils endurskoðunar á fyrirkomulagi opinberrar stjórnsýslu sem ekki nær aðeins til ráðuneyta og ríkisstofnana heldur einnig til sveitarfélaga, umdæmaskipunar af ýmsu tagi og rafrænnar þjónustu. Þessu þurfum við forstöðumenn að gefa gaum og taka til umfjöllunar í okkar félagi. Stöðugreining og stefnumótun þurfa því að vera ofarlega á verkefnalista viðtakandi stjórnar ásamt umræðu um hvernig á að þróa félagið á næstu árum, hvar við viljum vera, hvað við viljum gera og hvaða hlutverk við ætlum við félaginu.

Góðir félagsmenn

Ég hef hef lokið tveggja ára starfstíma sem formaður þessa félags og gef ekki kost á mér til áframhaldandi formennsku. Ég þakka félagsmönnum fyrir ánægjulega viðkyrningu, stjórnarmönnum fyrir skemmtilega samvinnu og samstarfsaðilum félagsins fyrir árangursríkt samstarf. Félaginu óska ég vaxtar og viðgangs.